

# Fréttabréf Foreldra- og kennarafélags Hvolsskóla skólaárið 2005-2006

Foreldra- og kennarafélag Hvolsskóla sendir fréttabréf um starf félagsins á skólaárinu 2005/2006 heim með öllum nemendum Hvolsskóla

Í stjórn félagsins eru: Guðlaug Ósk Svansdóttir formaður, Jóna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Hrefna Leifsdóttir ritari, Unnar Bæðvarsson skólastjóri, Ingibjörg Erlingsdóttir tónlistarkennari

Foreldra- og kennarafélagið hefur staðið að nokkrum fundum og fræðslum bæði fyrir foreldra, kennara og nemendur skólans. Auk þess kom félagið að jólaskemmtuninni og sá um jólaföndrið. Framundan eru viðburður sem enginn má láta fram hjá sér fara, hin eina og sanna vorhátíð.

Vorhátíð foreldra- og kennarafélagsins verður haldin 19. maí n.k. í og við skólann. Verður hátíðin með nokkuð hefðbundnu sniði milli klukkan 16-18. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á kökur og kaffi í sal skólans sem foreldrafélagið mun sjá um, ásamt hinum ómissandi grilluðu pylsum. Foreldrar eru hvattir til að bjóða ömmu og afa með á vorhátíðina sem er uppskeruhátíð skólans og sjá afrakstur nemenda eftir veturinn.

Í upphaf skólaársins var tekin ákvörðun um að kaupa leiktæki á nýja lóð skólans. Unnið er að því að setja leiktækið upp og stendur félagið að söfnun fyrir því sem upp á vantar. Allir áhugasamir geta styrkt félagið með því að leggja inn á Söfnunarbók félagsins; 0182-05-61158. Kt: 700392-2609 Nú þegar hafa nokkur fyrirtæki, kvenfélög og ungmennafélög á svæðinu styrkt félagið en betur má ef duga skal þar sem en vantar um kr. 350.000.



Leiktækið

Þann 22. nóvember 2005 var fundur í Hvolsskóla um Einstaklingsmiðað nám og kynning á starfi Hvolsskóla á hinu nýja námsfyrirkomulagi sem Unnar Bæðvarsson sá um. Anna Kristín Sigurðardóttir Skrifstofustjóri Grunnskólaskrifstofu Reykjavíkurborgar kom til okkar og hélt erindi um Einstaklingsmiðað nám. Félagið útbjó möppu og afhenti á fundinum, möppunar eiga að fylgja öllum árgöngum skólans, þar eru að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar. Bekkjafulltrúar eiga að halda utan um möppuna og bæta inn í hana eftir þörfum og hentugleika. Bekkjafulltrúar sáu um að baka smákökur og sáu um veitingar. Verulega góð mæting var á fundinn en um 100 manns mættu.

Jólaföndur Hvolsskóla var þann 26. nóvember 2006. Föndrið fór allt fram í nýjum sal skólans og laufabrauð var steikt í nýju kennslueldhúsi nemenda. Félagið stóð að þeirri nýbreyttni að selja vöfflur og heitt kakó og kaffi sem var svo vinsælt að ekki hafðist undan að hræra nýtt vöffludeig í mannfjöldann. En um 100 vöfflur seldust og mun félagið halda áfram með vöffusölu á næsta jólaföndri. Mikil og skemmtileg stemming myndaðist þar sem mikill fjöldi var saman komin í nýja sal skólans. Gleðin skein úr andlitum ungra sem aldna og allir fundu eitthvað við sitt hæfi.

Jólaskemmtunin var þann 29. desember 2005. Skemmtun skólans var með nokkuð nýju sniði. Foreldra- og kennarafélagið hefur að undanförunum árum haldið jólaskemmtun í Hvolnum með Foreldrafélagi Leikskólans. Bæði félögin voru sammála að leita nýrra leiða til að fjölga fólki á jólaskemmtuninni og fóru félögin í samvinnu með kvenfélögunum Einingu á Hvolsvelli og Hallgerði í Fljótshlíð. Kvenfélögin tóku vel á móti okkur og sjá þau nú um jólaskemmtunina þ.e. skemmtara, veitingar, jólatré og annað. Foreldrafélagin vinna með kvenfélögunum um að láta allt ganga vel fyrir sig. Fyrsta sameiginlega jólaskemmtunin fór fram í Goðalandi Fljótshlíð og var hún mjög vel sótt, mikið sungið og dansað. Næsta jólaskemmtun verður í Hvolnum og svo til skiptis á hvorum stað. Bæði þessi kvenfélög hafa styrkt leiktækjasöfnun félagsins um kr. 50.000 hvort og er stjórn félagsins þeim þakklát fyrir gjafmildi og hjálpssemi á skólaárinu sem er að líða.

Helga Margrét Guðmundsdóttir vekefnisstjóri Heimili og skóla kom til okkar þann 15. febrúar 2006 með fræðslu um foreldrasamvinnu. Hún fór ítarlega í hlutverk bekkjafulltrúa, foreldrafélaga, foreldraráða, skólanefndar og aðra hagnýta þætti í foreldrasamvinnu. Koma hennar var samstarfsverkefni með Foreldrafélaginu á Hellu. 11-11 á Hvolsvelli styrkti félagið okkur með meðlæti á fundinum. Tæplega 70 manns mættu.

Nemendur í 7-10 bekk Hvolsskóla fengu Dagbjörtu Ásbjörnsdóttir deildarstjóra unglingsviðs Tónabæjar og mannfræðing í heimsókn þann 20. febrúar 2006. Hún ásamt Sigurlaugu Hauksdóttur félagsráðgjafa, Guðbjörgu Eddu Hermannsdóttur félagsráðgjafa eru með fræðsluna Tölum saman sem hefur farið í fjölda grunnskóla á landinu með fræðsluna. Dagbjört var með kynfræðslu fyrir nemendur í 7-10 bekk og tveimur dögum seinna mætti hún ásamt kolleggum sínum og var með fræðslu fyrir foreldra og nemendur saman. Sveitarfélagið og Hvolsskóli styrktu komu þeirra. Um 150 manns mættu á þessa fræðslufundi sem voru tveir sama daginn.

Kynningarfundir um Sjónarhól ráðgjafamiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir var 14. apríl í sal Hvolsskóla. Þær Hrefna Haraldsdóttir foreldraráðgjafi og Þorgerður Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri kynntu starfsemi Sjónarhóls. Þar er veitt foreldramiðuð ráðgjafapjónusta þar sem þarfir fjölskyldunnar eru hafðar að leiðarljósi. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna [www.sjonarholl.net](http://www.sjonarholl.net) Skólar, foreldrafélög skóla og leikskóla í Rangárþingi eystra stóðu að komu Sjónarhóls. Ágætis mæting var á kynningarfundina sem voru tveir.

Aðalfundur foreldra- og kennarafélagsins var haldinn miðvikudaginn 27. apríl sl. Jóna Sigurðardóttir frá Skíðbakka hefur verið gjaldkeri félagsins í tvö ár og hættir eftir þennan vetur, nýr gjaldkeri er Pála Kristín Buch. Við þökkum Jónu fyrir góða samveru og störf fyrir félagið og bjóðum Pálu velkomna. Þar sem ekki var hægt að fara yfir öll þau mál sem til stóð á aðalfundinum var ákveðið að hafa framhaldsaðalfund n.k. haust.

Foreldra- og kennarafélag Hvolsskóla þakkar öllum fyrir verulega góða mætingu á fundi og fyrirlestra sem félagið hefur boðið upp á í vetur. Sérstaka þakkir til allra bekkjafulltrúa sem leggja til tíma og vinnu svo að félagið geti boðið nemendum og fjölskyldum þeirra upp á alla þá viðburði og fundi sem hafa verið upp taldir hér í fréttabréfinu. Munið að foreldrasamvinna er styrkur hvers samfélags auk þess sem slík samvinna er mikilvæg í öllu forvarnarstafi.

**Takk fyrir veturinn og gleðilegt sumar**